

Sælar kærur formenn

Þakka ykkur fyrir síðast. Það er afar ánægjulegt hve vel landssambandsþingið heppnaðist. Þetakonum tókst að búa til frábæran ramma utan um mjög svo góða ráðstefnu og ágætan framkvæmdaráðsfund. Þökkum við þeim alveg sérstaklega fyrir þeirra framlag. Umfjöllun um þingið verður sett á vefinn og eru myndir þegar komnar, en við auglýsum eftir fleiri myndum ef þið eigið þær í fórum ykkar.

Fjórar erlendar konur heiðruðu okkur með nærveru sinni. Dr. Carolyn Rants var alþjóðlegur gestur okkar, en hún er fráfandi Alþjóðaforsæti. Kate York Evrópu-forsæti koma líka ásamt tveimur öðrum konum. Við heiðruðum tvær konur á þinginu, þær Pálinu Jónsdóttur og Sigríði Valgeirsdóttur.

Ég er afar ánægð með umræðurnar á báðum hlutum framkvæmdaráðsfundarins og vona að umræða verði í deildum næsta vetur um lög og reglugerð eins og hún lítur út í dag og framkvæmdaáætlun nýrrar stjórnar. Handbókin verður áfram í endurskoðun, en hún verður að vera í stöðugri þróun, sem og starfið þannig að það hæfi tíð og tíma.

Við erum afar stoltar af nýju deildunum okkar og hlökkum til samfunda við þær.

Sameiginlegir fundir. Þegar þið hugið að fundardögum og skipulagi fyrir næsta vetur legg ég til að þið hugið nú þegar að sameiginlegum fundi með einhverri deild á vetrinum, svo að auðveldara sé að skipuleggja dagsetningar. Það er afskaplega gaman að fá deild í heimsókn og ennþá skemmtilegra að fara í heimsókn.

Næsti framkvæmdaráðsfundur verður laugardaginn 3. september. Takið daginn frá. Ný stjórn tekur við 1. júlí og auglýsir fundinn ferkar. Við óskum nýrri stjórn alls hins besta.

Þær sem ætla á þingið í Baden Baden í ágúst, munu hittast aftur í júlí og verða boðaðar sérstaklega. Enn eru að bætast við konur sem ætla að drífa sig með í hópferðina. Ef einhver bætist í hópinn er nauðsynlegt að hún láti mig vita, ij@host.is eða í síma 8604118.

Ég var búin að biðja ykkur að senda mér ábendingar um félagskonur sem stunda listsköpun, en okkur ber að kynna eina slíka konu í Baden Baden í sumar.

Endilega sendið mér nöfn listakvenna sem leynast í röðum ykkar.

Hvetjið konur til að gefa kost á sér til nefndarstarfa næstu tvö ár. Hér gefst tækifæri til að hafa áhrif á starf samtakanna og kynnast konum þvert á deildir. Sendið tilnefningar til Sigríðar Rögnu tilvonandi forsæta, siggara@gmail.com. Hún mun skipa í nefndir nú í sumar og óskar eftir tillögum frá ykkur. Núverandi stjórn hefur lagt til nokkurra breytinga á nefndum sem samþykkt var að láta reyna á næsta tímabil.

Ég minni ykkur enn á ný á að senda áhugaverðar fréttir á vefinn, annað hvort á deildarvefsíður eða á landssambandsvefinn. Góðar fréttir af okkar konum koma okkur öllum við og vefurinn er jafnlífandi og við gerum hann.

Þessi bréf mín hafa vonandi verið ykkur til upplýsingar og aðstoðar við minna á atburði og atriði sem þarf að koma til skila inn í deildir. Þið megið áframsenda þessi bréf, eða benda á þau á síðunni, en þar liggja þau öll http://dkg.muna.is/is/page/frettabref_landssambandsforseta. Eða þá koma boðunum áfram í því formi sem þið ákveðið.

Njótið sumarsins, kærur formenn og þakka ykkur kærlega fyrir ákaflega ánægjulegt samstarf.

Júní 2011						
Mán	Þri	Mi	Fim	Fö	La	Su
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Júlí 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Su
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Á döfinni:	1. júlí	Ný landssambandsstjórn tekur við
Eindagar	1. júlí	Lokadagsetning að skrá sig á Evrópuþingið

2. ágúst	Smiðja Evrópu Forum í Baden Baden	
3.- 6. ágúst	Evrópuráðstefnan í Baden Baden	
3. sept	Framkvæmdaráðsfundur	



Með systrakveðju,
Ingibjörg Jónsdóttir
landssambandsforsæti DKG

